

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 48/2001

frá 30. mars 2001

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjó nusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2001 frá 28. febrúar 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/709/EB frá 6. nóvember 2000 um lágmarksviðmiðanir sem aðildarríkin skulu taka tillit til þegar þau tilnefna aðila í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/93/EB um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 5g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5ga. **32000 D 0709**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/709/EB frá 6. nóvember 2000 um lágmarksviðmiðanir sem aðildarríkin skulu taka tillit til þegar þau tilnefna aðila í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/93/EB um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir (Stjtið. EB L 289, 16.11.2000, bls. 42).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 117, 26.4.2001, bls. 21 og EES-viðbættir við Stjtið. EB nr. 22, 26.4.2001, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 289, 16.11.2000, bls. 42.

2. gr.

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/709/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. mars 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. mars 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P. K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.